

# Vefrallý á jarðfræðivef Námsgagnastofnunar

Hér getur þú farið í „rallý“ á jarðfræðivef Námsgagnastofnunar til að kynna þér hvað þar er að finna. Reyndu að vera eins fljót/ur og þú getur. Þú getur skráð tímann hvenær þú byrjar og hvenær þú hefur lokið við að finna svörin. Vistaðu skjalið hjá þér og skráðu svörin inn á það. Skjalið er síðan t.d. hægt að prenta út eða senda í tölvupósti til kennarans.

Jarðfræðivefurinn liggur á þessari slóð: <http://www1.nams.is/jardfraedi/index.php>

Nafn:

Byrjar:

Lýkur:

1. Á síðunni „Gerðir eldstöðva“, undir eldgosa-flípanum, er lýst mismunandi eldstöðvum. Nefndu tvö til þrjú dæmi um slíkt.

2. Frá hvaða ári nær tímalínan yfir eldgos á vefsíðunni?

3. Hvað er bergkvika?

4. Hvað er það sem er kallað megineldstöð?

5. Nefndu a.m.k. þrjár kunnar megineldstöðvar á Íslandi.

6. Hvenær gaus síðast í Grímsvötnum, hvers konar eldstöð eru þau og hve hátt liggja þau yfir sjó?

7. Hvenær hófst Heimaeyjargosið?

8. Hvaða eyja er kölluð „eyjan svarta“ og hvenær gaus þar?

9. Hvað er vitað um mörg gos í Eyjafjallajökli á sögulegum tíma?

10. Hvað er eldkeila?

11. Nefndu a.m.k. tvö eldfjöll sem eru sömu gerðar og Eyjafjallajökull.

12. Hvenær myndaðist stærri askjan í Dyngjufjöllum og hvað er hún stór að þvermáli?

13. Hvað seig landið mikið í gosinu í Dyngjufjöllum 1875?

14. Hvernig fjall myndast yfir hringlaga gosopi utan jökuls? Nefndu eitt frægt fjall sem hefur myndast við slíkar aðstæður.

15. Við hvaða eldstöð er þessi lýsing: ... *brúin yfir Sandgígjukvísl hvarf og lengsta brú landsins yfir Skeiðará styttist um heila 200 m. Þá rofnuðu ...*

16. Hvaða einstaka rannsóknartækifæri skapaðist við eldgosíð í Kröflu?